

## Tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvár – boð á kynningu

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið býður til kynningar á skýrslu starfshóps um stöðumat og áskoranir varðandi mat og endurmótun á tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvár.

Starfshópurinn var skipaður í kjölfar þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi í mars 2021. Hópurinn hefur skilað Guðlaugi Þór Þórðarsyni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skýrslu sinni og verða niðurstöður hennar kynntar á fundi sem haldinn verður í **Kaldalónssalnum í Hörpu fimmtudaginn 13. apríl kl. 10:00.**

Á fundinum verða kynntar helstu niðurstöður skýrslunnar og dregnar fram þær áherslur og verkefni sem nauðsynlegt er að halda áfram með, eða ráðast í innan málaflokksins á komandi árum til að auka seiglu íslensks samfélags og draga úr tjóni vegna náttúruvár, ekki síst vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Starfshópurinn skipuðu þau:

Stefán Guðmundsson, formaður, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu,  
Ásta Þorleifsdóttir, innviðaráðuneytinu,  
Kristinn Hjörtur Jónasson, fjármála- og efnahagsráðuneytinu,  
Sigrún Ólafsdóttir, forsætisráðuneytinu,  
Bjarni Richter, Íslenskum orkurannsóknum,  
Björn Oddsson, embætti Ríkislögreglustjóra,  
Sigrún Karlsdóttir, Veðurstofu Íslands,  
Sunna Björk Ragnarsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands.

**Hagaðilum og fjölmiðlum er velkomið að vera viðstaddir kynninguna og verða fulltrúar starfshópsins til svara um efni skýrslunnar. Kynningin verður einnig aðgengileg í beinu streymi. Vinsamlegast tilkynnið um þátttöku á staðfundi á netfangið [urn@urn.is](mailto:urn@urn.is) fyrir kl 14, miðvikudaginn 12. apríl.**



### **Anna Sigríður Einarsdóttir, upplýsingafulltrúi / Head of Information**

Skrifstofa yfirstjórnar / Department of Senior Management  
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Ministry of the Environment, Energy and Climate  
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8600  
Beinn sími / Direct tel: (+354) 545 8619 • Farsími / Mobile: (+354) 669 1124  
[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

